

Alþingi,  
undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa,  
101 Reykjavík.

[hildure@althingi.is](mailto:hildure@althingi.is)

Reykjavík, 19. október 2021

**Varðar: Kæru vegna alþingiskosninga 25. september 2021**

Vísað er til bréfs Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Alþingis, til yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar suður, dags. 14. október 2021. Þar segir að undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa hafi m.a. til skoðunar kæru Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar er lúti að framkvæmd alþingiskosninga í Reykjavíkurborg suður, sbr. 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Óskað var eftir athugasemdum yfirkjörstjórnar vegna kæru þessarar.

I.

Málsatvikum kæru er lýst í henni. Þar segir að kærandi hafi kosið á kjörfundi í Borgarbókasafni við Kringluna þann 25. september sl. Vegna fötlunar kæranda hafi hann notið aðstoðar eiginkonu sinnar við kosningaathöfnina. Í kæru segir síðan: „Sá kjörklefi sem ætlaður var fólki sem notar hjólastól var hins vegar ekki með tjaldi svo kærandi gat ekki dregið fyrir þegar hann kaus. Á sama tíma og hann greiddi atkvæði gekk ókunn manneskja fram hjá kjörklefanum og hefur viðkomandi sem kærandi kann engin deili á augljóslega getað séð hvernig kærandi kaus. Þess ber að geta að gangurinn sem viðkomandi manneskja gekk á var svo þröngur að umræddur einstaklingur hefur verið í um það bil eins til tveggja metra fjarlægð frá kæranda þegar hann merkti við kjörseðilinn. Engar hindranir virðast hafa verið settar upp á þennan gang til að minnka líkur á því að slík umferð ætti sér stað á meðan fólk kaus.

Kærandi upplifði talsverð óþægindi í tengslum við fyrirkomulagið. Meðal annars á grundvelli þess að á meðan hann kaus sá hann þá kjósendur sem stóðu í biðröð við kjördeildina. Hann upplifði fyrir vikið alls ekki að hann væri að taka þátt í leynilegum kosningum.“

Um lagarök er vísað til 69. gr. laga nr. 24/2000 þar sem segi að kjörklefi skuli vera þannig búinn að þar megi greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvað kjósandi kýs. Fullyrt er að sú lagagrein hafi verið brotin með fyrirkomulagi kjörklefa á nefndum kjörstað. Einnig er vísað til ákvæðis 65. gr. stjórnarskrárinnar og á því byggt að fyrirkomulagið feli í sér brot á jafnræðisreglu, þ.e. kerfisbundna mismunun gegn fötluðu fólki sem þjóðfélagshópi á Íslandi. Þá er vísað til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu.

## II.

Til upplýsinga fyrir nefndina var uppsetning kjörklefa á kjörstað í bókasafninu í Kringlunni þannig að kjördeildir voru í sitthvorum enda safnsins og aðsetur hverfiskjörstjórnar í miðjunni. Efnið sem notað var til uppsetningar kjörklefa var með sama hætti og í öðrum kjördeildum og öðrum kjörstöðum fyrir utan að skilrúmin sem notuð voru voru hærri en almennt eru notuð. Kjördeildir voru þannig staðsettar að ekki lá umferð kjósenda framhjá þeim.

Sjá teikningu:



Sjá einnig mynd af kjörstað í Ráðhúsi áður en tjöld voru sett fyrir kjörklefa:



Klefar fyrir kjósendur með fötlun voru allsstaðar með sama hætti. Þeir snúa 90° á hina kjörklefana og eru opnir. Þetta er til að gera það að verkum að hægt sé að



keyra hjólastól inn í þá án þess að tjald sé fyrir (sem getur flækst í stólum) og án þess að borðið í kjörklefanum sé í sjónlínu út fyrir kjörklefann. Borðin í þessum kjörklefum eru á ská í horni klefans en ekki gegnt inngangi eins og í öðrum klefum. Í hjólastól af stærri gerð er möguleiki að kjósandi sé þannig staðsettur við atkvæðagreiðsluna að hann sjái út úr kjörklefanum en þó án þess að aðrir sjái inn og án þess að atkvæðagreiðslan sé sýnileg.

Eins og kærandi bendir réttilega á mælir 69. gr. laga nr. 24/2000 fyrir um að kjörklefi skuli þannig útbúinn að þar megi greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósandi kýs. Að mati yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurborgardæmi suður uppfylltu kjörklefar sem notaðir voru þann 25. september sl. þennan áskilnað. Lagaákvæðið mæli ekki fyrir um að tjald skuli vera fyrir kjörklefa og málefnalegar ástæður voru fyrir því að notast ekki við slíkt tjald í kjörklefa sem ætlaður er einstaklingum sem þurfa á hjólastól að halda til að komast leiðar sinnar. Að mati yfirkjörstjórnar gátu allir kjósendur gætt leyndar um atkvæðagreiðslu sína. Yfirkjörstjórn telur sig ekki hafa forsendur til að taka afstöðu til fullyrðingar kæranda um að ónefndur einstaklingur hafi gengið framhjá kjörklefanum né hvort það sé rétt að sá einstaklingur hafi getað séð hvernig kærandi kaus. Yfirkjörstjórn telur hins vegar ekki að með fyrirkomulagi kjörklefa hafi fötluðum einstaklingum á Íslandi verið kerfisbundið mismunað sem þjóðfélagshópi eins og það er orðað í kæru né að fyrirkomulagið gefi tilefni til þess að ógilda í heild sinni niðurstöður Alþingiskosninganna þann 25. september sl. Þá telur yfirkjörstjórn ekki unnt að draga neinar ályktanir af dómaframkvæmd Hæstaréttar né dómum Mannréttindadómstóls Evrópu sem rennt gætu stoðum undir kröfu kæranda um ógildinguna kosninganna. Af gefnu tilefni bendir yfirkjörstjórn á að þær mörgu og almennu ástæður sem leiddu til ógildingar Hæstaréttar Íslands á kosningum til stjórnlagabings árið 2011 eru á engan hátt sambærilegar þeim sem um ræðir í erindi kæranda.

Á hinn bóginn er rétt að það komi fram að nokkrar ábendingar bárust á kjördag, frá kjósendum með fötlun, um að framangreind uppsetning á kjörklefum ætluðum kjósendum í hjólastól hefði valdið óþægindum og óöryggi. Um þessar athugasemdir var bókað í gerðarbók yfirkjörstjórnar sem fylgir hjálagt. Þannig var gerð athugasemd í Íþróttamiðstöðinni Austurbergi að kjörklefar ætlaðir fötluðum væru smáir og að setja ætti tjöld fyrir klefa. Í Breiðagerðisskóla var gerð almenn athugasemd um að aðgengi fyrir fatlaða væri ekki viðunandi og sama í bókasafninu í Kringlunni, að aðgengi fyrir fatlaða væri erfitt. Yfirkjörstjórn tekur þessar ábendingar alvarlega og þegar er hafin vinna við að endurhanna fyrirkomulagið til að koma til móts við þessar ábendingar. Fyrirkomulagið sem notast var við þann 25. september sl. er hins vegar sambærilegt því sem notað hefur verið í mörgum undanförunum kosningum og þótt uppsetning kjörstaða, m.t.t. aðgengismála fyrir kjósendur með fötlun, sé að sjálfsögðu ekki hafin yfir

gagnrýni þá telur yfirkjörstjórn að fyrirkomulagið hafi í hvívetna staðist þann lagaáskilnað sem felst í ákvæðum laga nr. 24/2000.

Í bréfi Rögnu Árnadóttur kom einnig fram að hefði yfirkjörstjórn ábendingar varðandi aðrar kosningakærur sem fyrir lægju væri þess farið á leit að þeim yrði komið á framfæri. Vegna þessa skal tekið fram að yfirkjörstjórn er í meginatriðum kunnugt um efni athugasemda yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar norður varðandi meðferð utankjörfundaratkvæða og tekur yfirkjörstjórnin undir þær athugasemdir og gerir að sínum.

Virðingarfyllt,  
f.h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar

  
Heimir Örn Herbertsson

Hjálagt: Afrit úr gerðarbók YRS vegna kjörfundardags.

Árið 2021 25. september kl. 06.30 er kjörfundur settur í Reykjavíkurborgardæmi suður í Hagaskóla vegna Alþingiskosninga sem fram fara í dag. Í aðdraganda kjördags hafði eftirfarandi gerst:

Hinn 22. september sl, kl. 11:00 sótti Páll Hilmarsson, starfsmaður yfirkjörstjórnar, atkvæðakassa með utankjörfundaratkvæðum til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og flutti í Tjarnarbúð í borgarstjórnarhúsi. Innsigli atkvæðakassa voru rofin og skráning og flokkun utankjörfundaratkvæða í kjördeildir var hafin. Að kvöldi var Tjarnarbúð innsigluð af Páli Hilmarssyni, starfsmanni yfirkjörstjórnar. Viðstaddur flutning, opnun atkvæðakassa og innsigluð Tjarnarbúðar að kvöldi var Jón Þór Ólason, f.h. P-lista.

Hinn 22. september sl. voru haldnir kynningarfundir í fjarfundarbúnaði með hverfis- og undirkjörstjórnnum um framkvæmd kosninganna í Ráðhúsi.

Hinn. 23. september sl. rauf Páll Hilmarsson innsigli, sem var heilt og órofið, að Tjarnarbúð til þess að vinna að skráningu og flokkun og innsiglaði herbergið aftur að kvöldi. Viðstaddur var Jón Þór Ólason f.h. P-lista.

Hinn 24. september kl. 09:00 sótti Páll Hilmarsson, starfsmaður yfirkjörstjórnar, atkvæðakassa hjá Sýslumanninum á Höfuðborgarsvæðinu, flutti í Tjarnarbúð, og rauf innsigli sem var heilt og órofið, og haldið er áfram skráningu og flokkun utankjörfundaratkvæða.

Hinn 24. september kl. 22.00 sótti Páll Hilmarsson atkvæðakassa með utankjörfundaratkvæðum hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og innsigli kassa voru rofin. Skráningu og flokkun atkvæða í kjördeildir er lokið aðfaranótt laugardags.

Á kjördag voru mættir Heimir Örn Herbertsson, Leifur Gunnarsson, Agnar Bragi Bragason, Josteinn Þorgrímsson og Ingólfur Hjörleifsson, auk starfsmanna yfirkjörstjórnar. Innsigli, heilt og órofið, er nú rofið á geymslu kjörseðla og kjörgögn verða nú afgreidd til fulltrúa hverfiskjörstjórna sem hér segir.

Innsigli var rofið kl. 06.48.

Kl. 07.09 voru 2000 kjörseðlar og 2 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Norðlingaskóla.

Kl. 07.12 voru 3000 kjörseðlar og 3 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Breiðholtsskóla.

Kl. 07.19 voru 6000 kjörseðlar og 6 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Árbæjarskóla.

Kl. 07.21 voru 3000 kjörseðlar og 3 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Ingunnarskóla.

ASB. 

HA  
LG 

Kl. 07.24 voru 6000 kjörseðlar og 6 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Íþróttarmiðstöðvar Austurbergi.

Kl. 07.30 voru 6000 kjörseðlar og 6 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Ölduselsskóla.

Kl. 07.34 voru 6000 kjörseðlar og 6 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Breiðagerðisskóla.

Kl. 07.37 voru 2000 kjörseðlar og 2 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Borgarbókasafns.

Kl. 07.40 voru 4000 kjörseðlar og 4 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Hlíðarskóla.

Kl. 07.42 voru 4000 kjörseðlar og 4 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Frostaskjól.

Kl. 07.45 voru 5000 kjörseðlar og 5 kassar afhentir hverfiskjörstjórn Hagaskóla.

Afhendingu kjörgagna er lokið kl. 07.45. Alls voru afgreiddir 48.000 kjörseðlar og 3.000 kjörseðlar voru eftir hjá yfirkjörstjórn. Þeir seðlar eru færðir í geymslu í Hagaskóla undir innsigli. Númer innsiglis K00032438.

Kjörstaður var opnaður af formanni yfirkjörstjórnar kl. 09.00.

Kl. 10.00 mættu Helga Laxdal, Bjarni Þóroddson, Ebba Schram og Þórhildur í Hagaskóla. Þá héldu þrjú fyrstnefndu úr húsi kl. 10.15 í eftirlitsferð um kjördæmið, og heimsóttu Frostaskjól, Hlíðaskóla og Ingunnarskóla. Þangað voru einnig sóttir lykjar að kjörkössum.

Kl. 10.00 var kjörsókn í Reykjavíkurkjördæmi-suður 2,44%.

Kl. 11.00 var kjörsókn í Reykjavíkurkjördæmi-suður 7,01%.

Kl. 12.00 höfðu 5.931 kosið í Reykjavíkurkjördæmi suður. Kjörsókn var 12,97%.

Kl. 12.00 barst símtal frá 5. kjördeild Ölduselsskóla um skekkju í uppgjöri. Þar hefðu 132 kosið en 134 kjörseðlar verið afhentir.

kl. 12.14 bárust yfirkjörstjórn átta utankjörfundaratkvæði, sem yfirkjörstjórn mun síðan fara með á réttu kjörstaði í eftirlitsferð.

Kl. 12.58 barst kjörstjórn símtal um framkvæmd kosninga þeirra sem eru í sóttkví og einangrun hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Málið var leyst síðar símleiðis og einstaklingnum bent á að hafa samband við sýslumann.

ASB Jf

HH  
24

Kl. 13.00 var kjörsókn í Reykjavíkurborgardæmi-suður 18,22%.

Kl. 14.00 var kjördeild 4 lokuð tímabundið í Hagaskóla, sem var leyst fljótlega.

Kl. 14.00 var kjörsókn í Reykjavíkurborgardæmi-suður 24,95%.

Um kl. 14.00 kom Ebba Schram úr eftirlitsferð með lykla að kjörkössum. Athugasemdir sem móttæknar voru í eftirlitsferð lutu einkum að virkni skanna vegna athugunar á rafrænum ökuskráteinum sem væru ekki að virka sem skyldi. Frekari leiðbeiningar frá Stafrænu Íslandi voru sendar til hverfiskjörstjórna. Þá voru móttæknar ábendingar um að huga þyrfti að skipulagi og flæði á kjörstað í Frostaskjólum ef ákveðið verður að notast við hann aftur. Um sama leyti fóru Agnar Bragi Bragason og Ingólfur Hjörleifsson í könnunarferð á eftirtalda kjörstaði og komu þeir aftur úr henni um kl. 17.00. Eftirfarandi athugasemdir voru bókaðar:

Norðlingaskóli Kl. 14.30

1. Stutt lokun vegna villu kringum hádegi en náðist að stemma af
2. Hnökrar v. rafrænna skilríkja framan af
3. Kvartað yfir kulda í húsi. Vantar útprentað kosningakver
4. Ábendingar v. merkinga á kjörstað
5. Tókum á móti tveimur lykllum

Árbæjarskóli Kl. 14.55

1. Stutt lokun v. villu í kjördeild nr. 6 en náðist að stemma af
2. Erfitt með bílastæði v. mikillar umferðar kringum kjörstað
3. Tókum á móti sex lykllum

Íþróttamiðstöðin Austurbergi Kl. 15.15

1. Merkja hefði mátt betur kjörstað að utan og við götu
2. Kjörklefar smáir fyrir aðgengi fólks með fötlun. Tjöld fyrir klefa (sama athugasemd gerð 2017)
3. Vantaði sér fæði v. ofnæmis hjá starfsmanni!
4. Tókum á móti sex lykllum

Breiðholtsskóli Kl. 15.30

1. Kalt í húsi og hnökrar með rafræn skilríki
2. Merkingar sérstaklega ábótavant á húsi og við götur
3. Auglýsingar varðandi kjörstað ekki auglýstur í blöðum skv. venjum. Margir kjósendur fóru á annan og rangan kjörstað
4. Aðgengi fyrir fatlaða ekki viðunandi.
  - a. Biluð pumpa á útihurð
  - b. Ath. ramp við þröskulda vantar
  - c. Ath. tjald fyrir kjörklefa



HH  
XG





5. Tekið á móti þremur lyklum

Ölduselsskóli Kl. 16.00

1. Tvö utankjörfundar atkvæði pössuðu ekki við nafnalista
2. Tókum við fjörutíu utankjörfunda atkvæðum
3. Smá vandræði hjá umboðsmanni Sósíalístaflokks Íslands, sem hafði ekki fengið tilsögn
4. Tókum á móti sex lyklum

Breiðagerðisskóli Kl: 16.25

1. Kl. 9.55 kom undirkjördeildarmeðlimur í Breiðagerðisskóla og óskaði eftir að afsala sér kosningarétti. Haft var samband við Dalskóla og staðfest að viðkomandi hefði ekki kosið í Dalskóla. Þau mistök voru hins vegar gerð að ekki var hugað að því að viðkomandi hefði átt að kjósa í Reykjavík Norður, ekki Reykjavík Suður. Mistökin komu ekki í ljós fyrr en viðkomandi hafði greitt atkvæði og skilað því í kjörkassa.
2. Eitt utankjörfunda atkv. fyrir Austurberg
3. Tókum á móti sjö lyklum

Kringla Borgarbókasafn Kl: 16.35

1. Fengum eitt utankjörfundar atkvæði og afhentum annað utankjörfundaratkvæði
2. Skekkja stemmd af. Á meðan var kjördeild lokað í 30 min.
3. Nokkur óánægja hjá starfsfólki hverfiskjörstjórnar með kjörstaðinn! Mikill erill og kjörstaður of lítill í opnu rými með tilheyrandi hávaða og hljóðburði
4. Aðgengi fyrir fatlaða er erfitt
5. Þyngra flæði í annarri kjördeildinni
6. Tókum á móti tveimur lyklum

Almennar athugasemdir hjá flestum kjördeildum

1. Hádegismatur starfsfólks undir væntingum
2. Hnökrar með rafræn skilríki. Farsímar og tímasetningar á öppum valda erfiðleikum
3. Umboðsmenn báru sig almennt vel og voru kurteisir.

Kl. 15.00 var kjörsókn í Reykjavíkurkjördæmi suður 31,69%.

Kl. 16.00 var kjörsókn í Reykjavíkurkjördæmi suður 37,07%.

Kl. 17.00 var kjörsókn í Reykjavíkurkjördæmi suður 43,43%.

Um kl. 17 fóru kjörkassaskipti fram frá Laugardalshöll undir umsjón starfsmanna yfirkjörstjórnar.

Kl. 17.15 fóru Leifur og Jósteinn yfir í Laugardalshöll til að fylgjast með flokkun atkvæða þar, sem hófst kl. 18.00. Talningastaður var innsiglaður, höfðu innsigli verið sett á innganga frá morgni kjördags en Páll Hilmarsson, starfsmaður yfirkjörstjórnar, innsiglaði síðustu innganga kl. 18.05. Móttaka, afstemning og flokkun atkvæða fór fram með hefðbundnum hætti og gekk vel. Góð samskipti við umboðsmenn framboða en engin álitamál komu upp.

Kl. 18.00 var kjörsókn í Reykjavíkurborg kjördæmi-suður 48,19%.

Kl. 19.00 var kjörsókn í Reykjavíkurborg kjördæmi-suður 52,91%.

Kl. 20.00 var kjörsókn í Reykjavíkurborg kjördæmi-suður 56,31%.

Kl. 21.00 var kjörsókn í Reykjavíkurborg kjördæmi-suður 58,82%.

Klukkan 21.10 voru þrjú kassar með þrjú þúsund atkvæðum sóttir í st. 117 við Hagaskóla og órofið innsigli Nr. K00032438 var rofið kl. 21.12 og og kassar færðir í aðsetur yfirkjörstjórnar og undirbúið til flutnings til Laugardalshallar.

Kl. 21.30 fór formaður yfirkjörstjórnar í Laugardalshöll til að vera viðstaddur opnun talningarstaðar.

Klukkan 21.35 hringdi Silja Bára frá hverfiskjörstjórn í Frostaskjóli varðandi tvö utankjörfundaratkvæði frá sama kjósanda. Silja taldi augljóst að eldra atkvæðið væri gilt en það nýrra væri ógilt. Ráðgjöf yfirkjörstjórnar var að nýrra atkvæðið færi í ágrenning.

Kl. 22.00 var kjörsókn í Reykjavíkurborg kjördæmi-suður 60,16%.

Kl. 22.00 flutti yfirkjörstjórn aðsetur sitt yfir í Laugardalshöll.

Að öðru leyti, hvað varðar framkvæmd kosninga á kjörstöðum og yfir kjördag, var yfirkjörstjórn hverfiskjörstjórnnum til aðstoðar með ýmis úrlausnarefni, flest minniháttar. Yfir daginn bárust yfirkjörstjórn allnokkur utankjörfundaratkvæði sem öllum var komið á viðeigandi staði.

Kjörstaðir lokuðu í Reykjavíkurborg kjördæmi suður kl. 22.00. Innsigli að talningarstað var rofið kl. 22.01 af oddvitum yfirkjörstjórnar í Reykjavík suður og norður. Talning atkvæða sem þá höfðu verið flokkuð hófst skömmu eftir það.

Frá um kl. 23.00 og fram til u.þ.b. 00.30 bárust seinni atkvæðakassar frá kjörstöðum auk uppgjors hverfiskjörstjórnar.

AGB

HH  
29

Kl. 00.14 voru fyrstu tölur lesnar en þá höfðu verið flokkuð og talin öll kjörfundaratkvæði sem greidd höfðu verið fram að kjörkassaskiptum.

Talin höfðu verið 19.858 atkvæði. Auðir seðlar voru 284 og aðrir ógildir seðlar 50. Skiptust atkvæði svo:

B-listi 2267 atkvæði.

C-listi 1675 atkvæði.

D-listi 4468 atkvæði.

F-listi 1756 atkvæði.

J-listi 835 atkvæði.

M-listi 812 atkvæði.

O-listi 72 atkvæði.

P-listi 2065 atkvæði.

S-listi 2584 atkvæði.

V-listi 2990 atkvæði.

Kl. 03.05 voru aðrar tölur lesnar.

Talin höfðu verið 27.518 atkvæði. Auðir seðlar voru 475 og aðrir ógildir seðlar 71. Skiptust atkvæði svo:

B-listi 3211 atkvæði.

C-listi 2385 atkvæði.

D-listi 5932 atkvæði.

F-listi 2374 atkvæði.

J-listi 1225 atkvæði.

M-listi 1093 atkvæði.

  


O-listi 109 atkvæði.

P-listi 2985 atkvæði.

S-listi 3576 atkvæði.

V-listi 4082 atkvæði.

Úrskurðir kjörstjórnar um að eftirfarandi atkvæði væru ógild sætti aðfinnslum umboðsmanna eftir því sem hér segir:

Jason Steinþórsson, umboðsmaður P-lista og Haukur Logi Karlsson, umboðsmaður B-lista, gera ágreining um eftirfarandi atkvæði:

- 1) Á atkvæði hefur verið merkt x við B-lista, en að auki lítils háttar krot í formi striks eða punktar við C-lista.  
Atkvæði ógilt að mati yfirkjörstjórnar með vísan til b-d liðar 100. gr. laga nr. 24/2000. Vilji kjósenda óskýr og/eða áletrun er á kjörseðli umfram það sem mælt er fyrir um. Umboðsmenn telja atkvæði gilt, greitt B-lista.
- 2) Á atkvæði hefur verið merkt x við B-lista, en þá koma jafnframt fram tvær línur, eitt x og merki sem ágreiningur er um hvort sé auðkenning á seðli við lista frambjóðenda B-lista.  
Atkvæði ógilt að mati yfirkjörstjórnar með vísan til b-d liðar 100. gr. laga nr. 24/2000. Umboðsmenn telja atkvæði gilt, greitt B-lista.

Allir viðstaddir umboðsmenn, Lára V. Júlíusdóttir, S-lista, Jason Steinþórsson, P-lista, Jórunn P. Jónasdóttir, D-lista, Anna Friðriksdóttir, V-lista, og Oddný Eir Ævarsdóttir, J-lista, gera ágreining um eftirfarandi atkvæði:

- 3) Merkt C-lista metið ógilt af yfirkjörstjórn þar sem vilji kjósenda sé ekki skýr. Reitur við lista skyggður, þó má hugsanlega greina þar kross en óvíst hvort vilji kjósenda stóð til að kjósa listann eða hætta við að kjósa listann. Umboðsmenn telja vilja kjósenda koma skýrt fram þar sem t.d. ungt fólk lærir að fylla út reiti með þessum hætti í skóla. Umboðsmenn telja atkvæði gilt, greitt C-lista.

Oddný Eir Ævarsdóttir, J-lista, gerir ágreining um eftirfarandi atkvæði:

- 4) Yfirkjörstjórn telur vilja kjósenda á utankjörfundaratkvæði ekki skýran, sbr. b-liður 100. gr. laga nr. 24/2000. Umboðsmaður telur atkvæði gilt, greitt J-lista.

Jórunn Pála Jónasdóttir, D-lista, gerir ágreining um eftirfarandi atkvæði:



- 5) Yfirkjörstjórn telur vilja kjósa á utankjörfundaratkvæði ekki skýran, sbr. b-liður 100. gr. laga nr. 24/2000. Umboðsmaður telur atkvæði gilt, greitt D-lista.

Um aðra kjörseðla sem yfirkjörstjórn mat ógilda var ekki gerður ágreiningur en niðurstöður yfirkjörstjórnar um gildi atkvæðaseðla voru kynntar fyrir öllum viðstöddum umboðsmönnum.

Talningu lokið og síðustu tölur voru kynntar kl. 04.04.

Talin höfðu verið 36.201 atkvæði. Auðir seðlar voru 580 og aðrir ógildir seðlar 117. Skiptust atkvæði svo:

B-listi 4077 atkvæði.

C-listi 3067 atkvæði.

D-listi 8089 atkvæði.

F-listi 3169 atkvæði.

J-listi 1691 atkvæði.

M-listi 1456 atkvæði.

O-listi 148 atkvæði.

P-listi 3875 atkvæði.

S-listi 4720 atkvæði.

V-listi 5212 atkvæði.

Fleira ekki gert. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar suður lauk störfum sínum kl. 04.15. Þegar yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar suður yfirdaf talningarsal var yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður enn að störfum í salnum.

Heiður J. Kleið  
Leifur Gunnarsson  
Agnes Brygja Brygja  
Jónas Jónsson  
Jóhanna Jónsson